

HÚSÖNDIN

34.tbl. 1.árg.
3.okt. 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804


AFMÆLISBÖRN DAGANA 4.-10.OKTÓBER

5.10 *Ingibjörg Björnsdóttir, Þórdís Guðfinna Jónsdóttir*

6.10 *Tómas Karl Ásgeirsson Muller*

7.10 *Florentyna Dotota Gasior*

10.10 *Hólmgeir Eyyfjörð, Jula Anna Nowak*



Lærðu á Lightroom

Adobe Lightroom er vinsælasti hugbúnaðurinn til að halda utan um og skipuleggja myndasöfn og vinna myndir. Farið yfir skipulag á myndum, myndvinnslu og fleiri möguleika sem forritið býður upp á.

Hvenær: 23.okt. kl. 19:00 - 22:00

Kennari: Daníel Starrason

Staður: Björgunarsveitarhúsið,
Reykjahlíð

Verð: 11.000kr.

Skráning á ditta@hac.is
eða í síma 464-5130 **fyrir 15.okt.**

Athugið að verkalýðsfélag
endurgreiða yfirleitt hluta námskeiðsgjalds,
athugaðu málið hjá þínu félagi.



Þekkingarnet
Þingeyinga

Sönghóparnir Út í vorið og 3Klassískar halda tónleika, laugardaginn 6. október kl 17.00 í Húsavíkirkirkju.

Sönghóparnir hafa verið lengi starfandi, en ekki sungið saman í Þingeyjarsýslum síðan í Flatey á Skjálfanda árið 2001. Því gefst nú einstakt tækifæri til að hlýða á söng þeirra.

Efnisskráin verður fjölbreytt eftir erlenda og innlenda höfunda s.s. Johann Strauss, Anton Rubenstein, Ralf Arnic, Megas, Oddgeir Kristjánsson, Jón Múla Árnason, Sigfús Halldórsson o.fl.

Þau sem koma fram eru: Björk Jónsdóttir, Jóhanna V. Þórhallsdóttir og Signý Sæmundsdóttir í 3Klassískum. Ásgeir Böðvarsson, Einar Clausen, Halldór Torfason og Þorvaldur Friðriksson sem skipa kvartettinn Út í vorið. Bjarni Jónatansson sem spilar á píanó og Gunnar Hrafnsson á bassa.



Skapandi ljósmyndun

Stutt ljósmyndanámskeið þar sem farið er yfir myndbyggingu og góð ráð við myndatöku, hvort sem er á flóknar myndavélar eða jafnvel bara á símann.

Hvenær: 22.okt. kl. 19:00 - 22:00

Kennari: Daníel Starrason

Staður: Björgunarsveitarhúsið, Reykjavíki

Verð: 11.000kr.

Skráning á ditta@hac.is

eða í síma 464-5130 fyrir 15.okt.



Athugið að verkalýðsfélög endurgreiða yfirleitt hluta námskeiðsgjalds, athugaðu málið hjá þínu félagi.



Þekkingarnet
Þingeyinga



JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

Kótilettur í Jarðböðunum

Jarðböðin bjóða upp á kótilettur í hádeginu frá kl 12:00-14:00 alla fimmtudaga í vetur. Við byrjum núna 4. okt.

Verð 2.000 kr. fyrir manninn.

Ekki er nauðsynlegt að panta en gott væri að fá að vita daginn áður ef einhver ætlar að koma.

Hlökkum til að sjá sem flesta heimamenn og aðra.

Starfsfólk Jarðbaðanna



Björgunarsveitin Stefán

Þriðjudagskvöldið 9. október kl. 20:00 verður haldinn almennur félagsfundur í björgunarstöðinni Múlavegi 2 þar sem vetrarstarfið verður m.a. rætt.
Nýir félagar velkomnir.

Kveðja
Stjórnin

SKRIFSTOFUSKÓLINN - FJARNÁM

Skrifstofuskólinn er 240 kest. námsleið sem má meta til allt að 18 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er ætlað þeim sem eru eldri en 20 ára og hafa stutta formlega skólagöngu.

Helstu námsþættir:

Færnimappa og ferilskrá, námsdagbók og markmiðasetning, námstækni, samskipti, þjónusta, tölvu- og upplýsingatækni, verslunarreikningur, bókhald og tölvubókhald.

Verð 54.000,- (með fullri niðurgreiðslu stéttarf. er verðið 13.500).



Skrifstofuskólinn hefst í október og lýkur í apríl/maí. Nemendur hitta kennara 1-2 í mánuði í kennslustund/stoðtímum. Námið hentar vel þeim sem eru í vinnu eða vilja hafa frjálsan tíma til að sinna náminu.

Skráning í síma 464-5100.

Örfá pláss laus!!



Þekkingarnet
Þingeyingur



JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

Snagi mánaðarins byrjar aftur núna í október eftir sumafrí. Siggí Bald hlaut titilinn fyrir maímánuð, en gaman verður að sjá hver mun hljóta titilinn í október.

Við minnum á breyttan opnunartíma en opið er í Jarðböðunum frá kl 12:00-22:00. Hlökkum til að sjá ykkur.

Kæru Mývetningar.

Getum bætt við okkur málningarverkefnum innanhús í október og nóvember.

Hafið samband í síma 8406466

Sæmi





Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Nýtt sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti að nýju þann 27. júní s.l. tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 vegna nýs sorpflokkunarsvæðis í landi Grímsstaða norðan Mývatns þar sem gert er ráð fyrir móttöku- og flokkunarsvæði fyrir úrgang til brottflutnings og endurvinnslu við Þjóðveg 1 norðan afleggjara að Rönd suðaustan við Bæjaröxl. Svæðið verður afgirt og vaktað með ákveðnum opnunartíma, um 2.200 m² að stærð í fyrsta áfanga með stækkunarmöguleika í allt að 4.000 m². Tillagan var auglýst frá 2. september til 14. október 2016. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Sveitarstjórn hefur sent þeim sem athugasemdir gerðu svör sín. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til undirritaðs.

Guðjón Vésteinsson,
skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps

Síðasti sjéns

Nú stendur yfir dansnámskeið á vegum Þekkingarnetsins þar sem fólki er boðið upp á kennslu til þess að auka hæfni sína á dansgólfinu. Kennari er Anna Breiðfjörð sem allir Mývetningar vita að er stórflinkur danskennari. Fimmtudagskvöldið 4.okt verður námskeiðið miðað að þeim sem ekki eru byrjendur lengur. Námskeiðið hefst stundvíslega kl: 20.00 í Reykjahlíðarskóla.
Allar upplýsingar og skráning á ditta@hac.is